



Sjálfsmatsskýrsla

2020-2021

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	4
Inngangur	5
Einkenni stofnunarinnar.....	6
Stefna og markmið.....	7
Framtíðarsýn	7
Stefna og leiðir.....	7
Nám og kennsla.....	7
Starfsumhverfi og líðan.....	8
Samskipti.....	9
Sjálfsmatskerfið	10
Þriggja ára áætlun	11
Framkvæmd matsins:	13
Sjálfsmatsteymi.....	14
Verkefni sjálfsmatsteymis.....	14
Matið.....	15
Niðurstöður mats.....	16
Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat	16
Gæðagreinir 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	17
Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun.....	18
Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	19
Gæðagreinir 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni.....	21
Tillögur um aðgerðir / þróunaráætlun.....	22
Þróunaráætlun 2020 - 2021	22
Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat	22
Gæðagreinir 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	22
Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun.....	23
Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	23
Gæðagreinir 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni.....	24
Skimun	24
Skólapúlsinn.....	28
Nemendakönnun	29
1. Virkni nemenda í skólanum.....	29
2. Líðan og heilsa.....	30
3. Skóla og bekkjarandi	31

Starfsmannakönnun.....	32
1. Starfið.....	32
2. Starfsmenn	32
3. Vinnustaðurinn.....	33
4. Stjórnun.....	34
5. Kennarar - Kennarastarfið.....	34
6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara.....	35
Mat nemenda á skólafarfi	35
Viðauki.....	36
Yfirlit yfir viðauka:	36
Viðauki I - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?	37
Viðauki II - Matsblað: 2.3 Nám, kennsla og námsmat – gæðaviðmið	39
Viðauki III - Matsblað: 2.3 - gagnlegar spurningar	41
Viðauki IV - Matsblað: 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat - gæðaviðmið.....	43
Viðauki V - Matsblað: 1.1 - gagnlegar spurningar	45
Viðauki VI - Matsblað: 1.3 Breytingastjórnun - gæðaviðmið	47
Viðauki VII - Matsblað: 1.3 - gagnlegar spurningar.....	49
Viðauki VIII - Matsblað: 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun - gæðaviðmið	51
Viðauki IX - Matsblað: 1.4 - gagnlegar spurningar	53
Viðauki X - Matsblað: 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni - gæðaviðmið	55
Viðauki XI - Matsblað: 1.5 - gagnlegar spurningar	57
Viðauki XIII - Form fyrir þróunaráætlun.....	59

Meginniðurstöður

Skólaárið 2020 - 2021 var þriðja sinn unnið alfarið eftir þriggja ára áætlun með þriðju þýðingu á matstækinu okkar „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ (áður Gæðagreinir). Þessi þýðing er fjórða útgáfa af skoska kerfinu „How good is our School“ en er sú þriðja sem er þýdd og staðfærð hér. Þar með hefur skólinn á þriggja ára áætlun farið í gegn um alla matsþætti þessarar útgáfu og getum þá á næsta skólaári farið að bera saman breytingar frá sambærilegu mati og séð betur hvert áætlanir til úrbóta hafa skilað okkur í matsvinnunni. Takmarkanir á skólahlaldi og samkomum höfðu á þessu skólaári nokkur hamlandi áhrif á matsvinnu en samt sem áður tókst að ljúka mati á öllum gæðagreinum á þriggja ára áætlun skólans þó tímanum hafi verið naumt skammtað í vinnunni sjálfri. Það kom helst niður á því að færri hópar unnu með hvern matsþátt og í einu tilfelli aðeins einn matshópur. Matshópar samstanda af þverskurði starfsmannaflórunnar og eru 5 - 6 starfsmenn í hverjum matshópi svo það ætti ekki að rýra matsniðurstöður að neinu marki. Matsþættir að þessu sinn voru aðallega úr stjórnunarhluta matsins en þó einn þáttur sem eftir var að vinna varðandi námsskilyrði.

Helstu niðurstöður mats voru eftirfarandi:

Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat:

Vegin heildareinkunn: Tveir matshópar 4 - gott og 5- mjög gott

Gæðagreinir 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat:

Vegin heildareinkunn: Tveir matshópar 5 - mjög gott og - 5 mjög gott

Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun:

Vegin heildareinkunn: Tveir matshópar 4 - gott og 5- mjög gott

Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun:

Vegin heildareinkunn: Þrír matshópar 4 - gott, 5 - mjög gott og 5 - mjög gott

Gæðagreinir 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni:

Vegin heildareinkunn: Einn matshópur 4 - gott

Eins og sjá má er staða skólans í heildina góð í þessum þáttum sem voru til mats. Engu að síður eru fjölmargar tillögur til úrbóta enda er matskerfið framfaramiðað og starfsmenn mjög meðvitaðir um að alltaf er hægt að gera betur. Samkvæmt vinnubrögðum sjálfsmatskerfisins er gerð aðgerðaráætlun út frá tillögum til úrbóta, sem koma fram í matinu, og þannig verður til þróunaráætlun skólans. Þessi áætlun er í kaflanum *Tillögur um aðgerðir / aðgerðaráætlun* hér í skýrslunni. Þróunaráætlun sem birtist í þessari skýrslu er orðrétt tillaga frá matshópunum og verður unnið með þá þætti í þróunaráætlun skólans.

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Árið 1999 var skoskt gæðamatskerfi innleitt í Skagafirði. Þetta matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagafirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Fljótlega tóku allir grunnskólar í Skagafirði þetta matskerfi í notkun og hafa notað alla tíð síðan. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi enn á ný þá útgáfu á vormisseri 2016 en nú var nafninu breytt og nefnist *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni; lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að

skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur. Aðlögun að skólastarfi Grunnskólans austan Vatna er tiltölulega stutt á veg komin og bíður mikil vinna sjálfsmatsteymisins og starfsmanna við það verkefni.

Einkenni stofnunarinnar

Grunnskólinn austan Vatna starfar á tveimur starfsstöðvum á Hofsósi og á Hólum. Skólarnir austan Vatna voru sameinaðir voru undir eina stjórn 1. ágúst 2007. Við sameiningu voru skólarnir upphaflega þrír; Sólgarðaskóli, Grunnskólinn að Hólum og Grunnskólinn á Hofsósi, en Sólgarðaskóli sem staðsettur var í Fljótum var lagður niður vorið 2018 þar sem nemendum þar hafði fækkað mjög mikið. Nemendur af því svæði fara nú allir í skólaakstri á starfsstöð skólans á Hofsósi. Á starfsstöð skólans að Hólum eru nemendur af Hólastað og nærsveitum frá 1. – 7. bekk en fara í skólaakstur á Hofsós síðustu þrjú ár skólagöngunnar. Á Hofsósi er allt skólastigið frá 1. – 10. bekk.

Í lok skóla vorið 2021 voru samtals 77 nemendur í skólanum. Skipting milli kennslustaða og bekkjardeilda var eftirfarandi:

Á Hofsósi sextíu nemendur í þremur bekkjardeildum:

1. - 3. bekkur	16 nemendur
5. - 7. bekkur	18 nemendur
8. - 10. bekkur	26 nemendur

Á Hólum sautján nemendur í einni bekkjardeild:

1. - 7. bekkur	17 nemendur
----------------	-------------

Skipulag kennslunnar er nú aðlagð að hugmyndafræði um verkenfamiðað nám og til að ná því markmiði er kennurum skipt í teymi sem vinna saman að kennslu hvers samkennsluhóps. Til að ná því markmiði var samkennsluhópum fækkað á Hofsósi úr fjórum í þrjár og hópnun á Hólum kennt að mestu í einum samkennsluhóp. Reynt verður að halda þessari aldurskiptingu til að skipulag kennslunar varðandi efni og innihald haldist milli skólaára.

Með því móti verður skipulag auðveldara með tilliti til námsefnis og utanumhalds með hvaða efni hver árgangur hefur unnið. Þó mikið samstarf sé milli starfsstöðva skólans og starfsmannafundir séu reglulega með öllum starfsmönnum skólans þá er líka leitast við að halda þeim sérkennum og styrkleikum sem umhverfi skólanna býður upp á. Á Hofsósi eru sterk einkenni sjávarþorps þó fiskvinnsla sé því miður ekki lengur á staðnum en höfnin er enn notuð. Á Hofsósi koma einnig nemendur úr sveitum og því setur sú tenging sitt mark á skólastarf. Á Hólum er háskólaþorp fjarri sjávarströnd, skógur sem nýttur er í útikennslu en eins og á Hofsósi eru einning nemendur frá sveitabýlum. Skólinn hefur leitast við að halda uppi grendarkennslu og nýsköpun og unnið að því undanfarin ár að nýta sem best upplýsingatækni og möguleika á vinnu með net tengd tæki sem ætti að styrkja möguleika á fjölbreyttari vinnu í heimabyggð í framtíðinni.

Stefna og markmið

Framtíðarsýn

Grunnskólinn austan Vatna fylgir eftir framtíðarsýn menntastefnu Skagafjarðar en leggur sérstaka áherslu á grenndarsamfélagið, umhverfið og gott samstarf við heimilin. Skólinn vill auk þess skapa sér sérstöðu með öflugri nýsköpunar- og frumkvöðlanámi. Grunnskólinn austan Vatna vill að samfélagið og nemendur geti verið stolt af skólanum og umhverfi sínu.

Stefna og leiðir

Nám og kennsla

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að starfið mótist af metnaði, samfellu og hvatningu til sjálfstæðra verka, ábyrgðar og aukinnar víðsýni, svo hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, í samræmi við hæfileika, þroska og getu.
 - Einstaklingsáætlanir nemenda og einstaklingsnámskrár séu gerðar og nýttar þar sem við á
 - Kennslu sé námstækni sem hæfir yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi.
 - Í skólanum sé til þekking og mannaflí til að sinna öllum nemendum
 - Skólinn sjái til þess að hver og einn nemandi fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf
 - Skólinn nýti m.a. þá ráðgjöf sem stendur til boða frá skólaskrifstofu
 - Skólinn sjái til þess að hver og einn starfsmaður fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf, jafnt innan sem utan kennslustunda

- að nýta umhverfi okkar í kennslunni, söguna, náttúruna og sveitina.
 - Skólinn taki þátt í heimabyggðarverkefni skólanna í Skagafirði
 - Skólinn vinni að grenndarspili
 - Saga og sérkenni alls héraðsins sé nýtt til kennslu
 - Heimilisfræðikennsla fari að hluta fram í útielddhúsi
 - Lögð sé áhersla á göngu- og vettvangsferðir nemenda, að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðina á eigin forsendum
 - Útikennslustofa á Hólum sé nýtt og henni viðhaldið
 - Innsýn í starf fornleifafræðinga Hólarannsóknar sé fengin með vettvangsfræðslu / -ferðum og verkefnavinnu (Hólar)
- að í skólastarfi ríki fjölbreytni í markmiðum og vinnubrögðum. Við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og námsumhverfis.
 - Fjölbreyttir kennsluhættir
 - Gerð náms- og kennsluáætlana í hverri námsgrein samkvæmt samræmdu formi
 - Sérþekking starfsmanna og foreldra sé nýtt í kennslu
 - Leikræn tjáning og virk þátttaka í viðburðum
 - Markmiðasetning nemenda (Hofsós)
- að bjóða upp á náíð samstarf starfsstöðva á faglegum grunni er varðar kennslu og kennsluhætti
 - Reglulegir samráðsfundir kennara
 - Öflug miðlun upplýsinga sem tekur á náms- og kennsluáætlunum, kennsluháttum og öðru faglegu starfi kennara
 - Sameiginleg verkefni – þemadagar

Starfsumhverfi og líðan

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að öllum líði vel á eigin forsendum og gagnkvæmt traust og virðing ríki milli manna.
 - Jákvæðir þættir verði gerðir sýnilegri hjá nemendum og kennurum
 - Hrósi sé beitt með markvissum hætti
 - Samræmdri lífsleikniáætlun skólanna þriggja með samfellu frá 1. til 10. bekk sé framfylgt
 - Kennarar og starfsfólk ræði málefni nemenda reglulega á starfsmannafundum
 - Nemendur og starfsfólk njóti hvatningar og viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
 - Mótaðar verði heildstæðar samskiptareglur
- að skólinn og umhverfi hans skulu vera eins vel búin, örugg og hvetjandi til starfs og náms eins og best verður á kosið, svo skólastarfið geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
 - Innra og ytra umhverfi skólans sé gert hlýlegt í samvinnu við nemendur
 - Vinna nemenda sé gerð sýnileg

- Vinnuumhverfi sé aðlaðandi og húsnæði, búnaði og tækjakosti sé vel við haldið og endurnýjað eftir þörfum. Gott starfsumhverfi laðar að gott starfsfólk.
- Skólinn geri flóttaleiðir sýnilegar og hafi brunaæfingar tvisvar á ári
- að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefur velferð nemenda að leiðarljósi
 - Endurmenntunaráætlun sé virk og gerð í samráði við kennara
 - Kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að afla sér frekari menntunar

Samskipti

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að standa fyrir metnaðarfullu skólasamfélagi, í góðu og markvissu samstarfi við heimilin, sem einkennist af kurteisi, tillitsemi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrar eru hvattir til aukinnar þátttöku.
 - Virk og tíð samskipti við foreldra
 - Gott upplýsingaflæði sé tryggt með því að senda upplýsingar með bréfum og tölvupósti milli foreldra og skóla
 - Foreldrar séu fengnir inn í félags- og skólastarfið, t.d. með fræðslu eða verkefnavinnu með börnunum sínum
 - Foreldrar og skóli séu samstíga í því að ala börnin upp með „staðarstolt fyrir augum“
 - Náms- og skólakynning í lok september
 - Foreldrar séu meðvitaðir um heimanám nemenda
 - Foreldrar finni sig ætíð velkomna í skólann og geti óhræddir sagt sínar skoðanir á skólastarfinu
 - Dagur nemenda þar sem nemendur skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra (Hofsós)
- að kurteisi, tillitsemi og gagnkvæm virðing einkenni samskipti þeirra sem í skólanum eru við nám og störf. Virðing sé borin fyrir sjálfum sér, starfi sínu og umhverfi.
 - Skólareglur, viðmið og viðurlög séu skýr
 - Mótuð verði heildstæð lífsleikniáætlun
 - Virk umræða
 - Grenndarkennsla
 - Dyggðapema (Hólar)
- að eiga góð samskipti við umhverfi og samfélag skólans
 - Áætlun um samstarf við aðra skóla sé skýr í skólanámskrá
 - Tengsl við atvinnulíf sé viðhaldið
 - Farið sé í vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu

Sjálfsmatskerfið

Grunnskólinn austan Vatna hefur um langt skeið nýtt sjálfsmatskerfi sem var þýtt úr skosku matskerfi, *How good is our school*. Sem í núverandi mynd heitir á íslensku, Hversu góður er grunnskólinn okkar. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar og að einhverju leyti staðfærðar yfir á íslensku, fyrsta útgáfan 1999, önnur útgáfa 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins.

Í sjálfsmatskerfinu Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu sem við köllum gæðageina í anda fyrri útgáfa. Lykilþættirnir eru:

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða mjög gott, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

Þriggja ára áætlun

Áætlun um sjálfsmat kemur inn á flesta þætti skólastarfsins og spannar þrjú ár. Þessi áætlun endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur er endurskoðaður um það bil þriðja hvert ár. Þessi áætlun er núna í þróun miðað við nýjustu útgáfu sjálfsmatsins en eins og fyrr getur þá er þetta þriðja árið sem þessi þýðing sjálfsmatsins er unnin og þannig búið að meta alla þætti skólastarfsins með þessu matstæki. Með þriggja ára áætluninni er einmitt leitast við að meta alla þætti skólastarfs yfir þriggja ára tímabil. Það er þó mikill sveigjanleiki í kerfinu svo nálgast má matið á mismunandi vegu en sjálfsmatsteymi skólans metur hvaða spurningar eða matsþætti eru teknir fyrir varðandi hvert þema hverju sinni.

Á næstu síðu má sjá hvernig kaflaskipting Gæðagreinanna er raðað niður á annir sem segir til um hvenær unnið skal að hverjum og einum kafla í þriggja ára áætlun.

Þriggja ára áætlun sjálfsmats 2020 - 2023

Skólaár	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023
Haustönn			
	1.2 Forysta í skólastarfi	2.1 Nemendavernd	2.3 Nám, kennsla og námsmat
	3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.2 Skólanámskrá	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk
	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi
	Skólapúlsinn foreldrar	Skólapúlsinn foreldrar	Skólapúlsinn starfsmenn
	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
Vorönn			
	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.4 Einstaklingsmiðun	1.3 Breytingastjórnun
	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
	2.7 Samstarf	2.6 Samfella í skólastarfi	1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla

Reynt er að hafa þriggja ára áætlun sveigjanlega að einhverju leyti til að koma við nýjum þáttum sem þörf er talin á að meta tilfallandi og því er áætlunin endurskoðuð árlega. Rætt hefur verið í samstarfi skóla í Skagafirði að samræma að einhverju leyti milli grunnskólanna þriggja, þriggja ára áætlanir á grunnþemunum. Það væri til hagræðingar til að auðvelda samanburð þar sem ráðgert er í samvinnu við skólaskrifstofu Skagafjarðar að staðfesta mat með Skólaspegli sem áður hefur verið minnst á.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir á. Smám saman er svo meiningin að það bætist við nýir þættir sem sérsniðnir eru að sérstöðu skólans og ástæða er að meta sérstaklega undir þessum þemum. Þriggja ára áætlun er birt hér síðar í skýrslunni.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreinum, annars vegar dæmi um gæðaviðmið og hins vegar dæmi um gagnlegar spurningar sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað. Sjálfsmatsteymi skólans valdi þætti úr þessum tveimur matsblöðum og setti saman í eitt matsblað, en matsblöðin má finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu. Matsaðilar koma sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna. Þeir starfsmenn sem vinna matið vinna líka umbótaáætlanir sem gerir það að verkum að hver starfsmaður hefur bein áhrif á framþróun til að auka gæði skólastarfs.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. Skilgreining lykilþátta, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. Skilgreining viðmiða, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða framúrskarandi.

Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Nú þegar hefur verið komið á samvinnu skólanna í Skagafirði með það að markmiði. Í því augnamiði fóru starfsmenn skólaskrifstofu Skagafjarðar og stjórnendur skólanna í kynnisferð til Skotlands og tóku þátt í þessháttar mati. Auk þess hafa starfsmenn skólaskrifstofu þýtt efni sem heldur utan um slíkt mat og nefnist í íslenskri þýðingu Skólaspegill.

3. Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta, umsögn og einkunnagjöf
4. Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. Eftirfylgni umbóta.

Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymið skipa tveir starfsmenn skólans hverju sinni ásamt skólastjóra og er kosið í þá nefnd á sameiginlegum fundi starfsmanna í byrjun hvers starfsárs. Þennan vetur sátu úr hópi starfsmanna í sjálfsmatsnefnd, Ólinga Björnsdóttir og Bylgja Finnsdóttir. Jóhann Bjarnason, skólastjóri hefur yfirumsjón með sjálfsmatinu. Helga Harðardóttir, starfsmaður skólaskrifstofu hefur verið sérlegur ráðgjafi teymisins en var í ársfríi yfirstandandi skólaár. Helga tók þátt í þýðingu og endurskoðun efnisins.

Verkefni sjálfsmatsteymis

Meðal verkefna sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmat fer fram. Velja þemu og spurningar sem eru lagðir fyrir. Halda áfram þóun mats til að tryggja að það sé að endurspegla starf og sérstöðu skólans. Finna leiðir til þátttöku nemenda í mati og vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs.

Matið

Á skólaárinu 2020 -2021 voru eftirfarandi gæðagreinar metnir:

- 2.3 Nám, kennsla og námsmat
- 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
- 1.3 Breytingastjórnun
- 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
- 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Vegna takmarkana á skólalaldi og öðrum samkomutakmörkunum frestaðis fyrri matsdagur ítrekað með því efni sem á áætlun var fyrirhugað að meta á haustönn. Á vorönn tókst þó að koma að tveimur matsdögum og þannig náðist að klára matsvinnu. Matið var unnið á starfsdegi þriðjudag 22. febrúar og á starfsdegi í lok skólaárs 2. júní. Á þessum matsdögum komu allir starfsmenn skólans að vinnu við matið. Starfsmönnum var skipt niður í fjóra vinnuhópa sem hver um sig fékk að hámarki tvo gæðagreina til mats hvern matsdag þannig að fleiri en einn hópur fjallaði um hvern gæðagreini. Í þessari skýrslu er birt einkunn á heildarmati miðað við sex þrepa skala í hverjum þætti hjá hverjum hóp fyrir sig. Auk þess er tekinn saman texti frá öllum hópum varðandi þær sterku hliðar sem finna má í hverjum matsþætti og einnig það sem talið er þurfa að bæta (sem er grunnur að þróunaráætlun). Í sumum tilfellum, þegar matshópar vilja, eru mikilvægustu þættir viðkomandi matsþáttar tilgreindir og að lokum athugasemdir frá matshópnum um gæðagreinin í heild. Tillit er tekið til þeirra athugasemda þegar þessi matsþáttur verður tekinn fyrir næst miðað við þriggja ára áætlun.

Sem fyrr segir er notaður sex þrepa skali til að finna vegna heildareinkunn fyrir hvern þátt.

Skalinn er eftirfarandi:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur sem þarfnast tafarlausra úrbóta

Niðurstöður mats

Í þessum kafla er samantekt á niðurstöðum allra hópa. Orðalagi starfsmanna hefur ekki verið breytt. Það eru ýmist einn, tveir eða þrír matshópar sem vinna með hvern þátt þess vegna eru sums staðar fleiri en ein heildareinkunnagiöf. Þar sem fleiri en einn hópur skilar mati þá er ekki reiknað meðaltal heldur einkun sem hver hópur gefur látin standa.

Gæðagreininir 2.3 Nám, kennsla og námsmat

Vegin heildareinkunn: 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Starfsfólk tekur umræðu með nemendum um árangur á ýmsum vettvangi og hvaða áhrif hann hefur á nám og starf.
- Smæð samfélagsins gerir það að verkum að við höfum gott tækifæri til að fylgjast með árangri nemenda á ýmsum sviðum, t.d. í íþróttum og tómstundum.
- Kennarar vinna markmiðasetningu í lotum í Mentor. Þar mætti e.t.v. gera betur grein fyrir hvernig námsmati er háttað.
- Haldið er vel utan um niðurstöður prófa og gagna er varða nám nemenda og framfarir. Niðurstöður jafnframt nýttar til umbóta og eftirfylgni.
- Á yngsta stig og miðstigi er rík áhersla lögð á útikennslu.
- Stafræn tækni notuð á fjölbreyttan hátt.
- Á Hólum er útikennslustofa til fyrirmyndar.
- Sérstaðan okkar er að við erum lítill skóli og náum að virkja nemendur til sjálfstæðis og að taka virkan þátt í námi.
- Tekið er mið af grunnþáttum við val á þeimum í verkefnaíðuð námi.
- Verkefnaíðuð nám hefur aukið möguleika á að nálgast nemandann á sínu getustigi.
- Það hafa miklar framfarir komið með verkefnaíðuðu námi, auðveldara að einstaklingsmiða, nota grunnþætti menntunar og nýting tækninnar t.d.

Það sem við þurfum að bæta:

- Það mætti virkja nemendur meira í skipulagningu námsins og taka samræðuna um námsframvinduna og námsleiðir með hverjum og einum.

- Á unglíngastigi mætti leggja meiri áherslu á útikennslu og að nýta nærsamfélagið í kennslu.
- Kennarar mættu vera duglegri að miðla sín á milli hvað þeir eru að nota og hvað virkar vel þegar kemur að stafrænni tækni, t.d. hvaða öpp virka vel o.s.frv.
- Leggja mætti meiri áherslu á jafningjamat.
- Á Hofsósi þarf að gera útikennslusvæði.
- Þurfum að halda áfram að styðja vel við nemendur sem eru framúrskarandi og leyfa þeim að halda áfram í námi sínu og fá auknar áskoranir.
- Nota meira jafningjamat meðal nemenda.

Athugasemdir um gæðagreini:

Varðandi lið B¹: Um skráningu á hvers konar árangri utan skóla er verið að ræða? Og hvers konar skráning ætti það að vera?

Gæðagreinir 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat

Vegin heildareinkunn: 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Einn af okkar megin styrkleikum er nándin og fámennið. Við náum að vinna meira með hverjum nemenda, foreldrar hafa greiðari aðgang að skólanum bæði með umbætur sem og vangaveltur.
- Allt starfsfólk skólans tekur þátt í sjálfsmatinu.
- Við fáum að nýta okkar styrkleika óháð öðrum skólum í Skagafirði.
- Samheldni og samvinna starfsfólks er í heildina litið góð. Erum að hlusta á nemendur og reynum að taka tillit til þeirra óska.
- Teymiskennsla hefur styrkt utanumhald og öryggi nemenda.
- Notum mismunandi matsaðferðir eftir greinum til að mæla nemendur.
- Þátttaka foreldra í umbótavinnu var á góðum stað en vegna samkomutakmarkanna hefur þátttaka foreldra minnkað í skólastarfi.

¹ Hér er vísað í matsblað sjá fylgiskjöl Viðauki II

Það sem við þurfum að bæta:

- Það þarf að vera markvissara samstarf milli deilda innan skólans, milli Hóla og Hofsóss, yfir í mótuneyti og milli teyma.
- Reyna áfram að bæta heildrænt skipulag innan skólasamfélagsins okkar svo að allar upplýsingar berist á viðeigandi staði.
- Huga að því að virkja foreldra / forráðamenn í sjálfsmatinu.
- Þurfum að auka þátttöku foreldra í umbótavinnu á nýjan leik þegar samkomutakmörkunum er aflétt.

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**Athugasemdir um gæðagreini:****Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun**

Vegin heildareinkunn: 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Starfsmenn hafa metnað fyrir framförum og árangri hjá nemendum.
- Tekið er tillit til menningarlegs umhverfi skólans sem m.a. sést í svigrúmi sem nemendur hafa fengið í þáttöku við sauðburð og göngur.
- Starfsmenn vinna vel saman og eru samstíga í markmiðum og stefnu.
- Teymisvinna kennara hefur aukið samræðu um gildi og tenginu við aðalnámskrá.
- Starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda.
- Allt starfsfólk tekur þátt í sjálfsmatsvinnu og þróun á umbótaáætlunum.
- Innleiðing teymiskennslu hefur gengið vel, framundan eru rýnifundir til að meta hvernig hefur gengið í vetur. Símenntun þessu tengdu var kynnisferð í Grundarskóla. Í ágúst munu nokkrir úr hverju teymi fara á Art námskeið og er mikill styrkleiki að fleiri en einn fari úr hverju teymi til að innleiðing gangi betur fyrir sig.
- Rannsóknir á skólastarfinu okkar snúast um sjálfsmat, Skólapúlsinn, Olweusarkönnun og ytra mat. Niðurstöður leiða til umbótaáætlana sem við nýtum okkur.
- Þróunarverkefni í stærðfræði gaf tækifæri til ígrundunar og símenntunar til að efla faglegt starf. Eins hafa allir kennarar tækifæri til símenntunar á ýmsum vor og haustnámskeiðum.
- Samvinna við Menntamálastofnun um þróun ritunarramma var einnig til þess fallin að efla faglegt starf kennara.

Það sem við þurfum að bæta:

- Mætti skoða meiri tengingu við upplifun af t.d. sauðburði fyrir fleiri nemendur en þá sem búa á sauðfjárbúum vegna menningarlegra tengsla við samfélagið.
- Skólinn þarf að endurnýja kjörorð skólans sem endurspeglar gildi og sýn skólans.
- Skólanámskrá þarf að endurskoða reglulega og skerpa á stefnu og markmiðum.
- Þurfum að vera duglegri að endurskoða markmið, skólastefnu og skólareglur í samstarfi við skólasamfélagið; nemendur, foreldra og starfsfólk. Auk þess þarf að halda þessum gögnum meira á lofti, bæði á heimasíðu og með því að tengja fréttir af skólastarfinu við stefnuna og skólanámskrána.
- Orðið tímabært að endurskoða stefnu skólans og framtíðarsýn út frá nýrri menntastefnu. Sýn skólans þarf að vera sýnilegri! Erfitt að halda einhverju á lofti sem ekki er búið að endurskoða og þróa í takt við nýja menntastefnu.
- Sjálfsmatsskýrslur, handbók starfsfólks og skólanámskrá mætti vera útprentuð á kaffistofu, þannig gefst aukið tækifæri til að setja sig inn í málin.

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

Að endurskoða stefnu skólans í takt við menntastefnu Skagafjarðar.

Athugasemdir um gæðagreini:

Athuga orðalag í lið H² eflaust er átt við að starfsmenn helgi sig starfinu og skuldbinding sé innan frá en ekki áskilin. Þetta þarf að skýra betur á matsblaði.

Óljóst hvað átt er við í spurningarlið J³.

Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Vegin heildareinkunn: 4, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólinn er tiltölulega lítil eining sem gefur mjög gott aðgengi að leiðtogum og stjórnendum stofnunarinnar.

² Hér er vísað í matsblað sjá fylgiskjöl Viðauki VI

³ Hér er vísað í matsblað sjá fylgiskjal Viðauki VI

- Starfsfólk skólans hefur gott aðgengi öllum stjórnendum skólans.
- Starfsfólk skólans er vel í stakk búið að nýta sér stafræna tækni í öllu skólastarfi.
- Skólabragur er góður og gott aðgengi að skólastjórn. Gott samstarf við foreldra og utanumhald hvað varðar námsframvindu. Námið er talsvert einstaklingsmiðið og reynt að koma til móts við nemendur bæði námslega og félagslega.
- Við höfum getað nýtt okkur leiðtoga í skólastarfi eftir því sem við höfum þurft, t.d. í tengslum við þróunarverkefni í stærðfræði, Artnámskeið, kennsluráðgjafa o.fl.
- Öllum formlegum kvörtunum er svarað mjög fljótt og faglega.
- Farið er eftir verklagi Sveitarfélagsins við ráðningar, erum ekki viss um hvort þetta verklag sé í stefnu skólans eins og spurt er eftir í gæðagreiningum.
- Góður og fordómalaus starfsandi. Fordómar fá ekki hljómgrunn.

Það sem við þurfum að bæta:

- Athuga að í stefnu skólans komi skýrt fram ráðningarferli og verklag við ráðningar. Hvort samræmi sé við verklag sem er skýrt og yfirfarið af mannauðsstjóra Sveitarfélagsins.
- Betra gagnsæi og aðgengi að upplýsingum um stefnur skólans.
- Að nýjir starfsmenn fái einn ákveðinn starfsmann til að leita til sem getur aðstoðað að svara einföldum spurningum og leiðbeina þeim nýja að vita sitt hlutverk. Þetta þekktist í öðrum skólum og er einskonar leiðsagnarkennari/starfsmaður
- Skólanámskrá og starfsáætlun þarf að vera sýnilegri/aðgengilegri og kennsluáætlanir þurfa að vera uppfærðar árlega og með réttum kennurum :)
- Viðhalda rýmingaráætlun árlega og vera með öryggistrúnaðarmann.
- Þarf að endurskoða gildi og sýn skólans í samvinnu við nemendur og foreldra.
- Leiðsögn við kennaranema er mjög góð en það mætti úthluta nýjum kennurum stuðningsaðila fyrsta skólaárið.

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

Mikilvægt er að viðhalda góðum skólabrag með skólastarfi sem einkennist af góðum samskiptum stjórnenda og starfsfólks.

Athugasemdir um gæðagreini:

Starfsfólk hefur ekki forsendur til að svara öllum þessum spurningum.

Gæðagreinir 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Vegin heildareinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Starfsfólk er duglegt að nýta efnivið sem það hefur aðgang að og fær í skólanum.
- Forgangsröðun stjórnenda er skynsamleg.
- Starfsfólk þekkir nemendur og bakland þeirra vel. Allir nemendur hafa aðgang að því sem unnið er með, öll námsgögn eins og litir, blýantar, ípad-ar og fleira slíkt.
- Starfsfólk er að taka ýmis námskeið og skólinn í þróunarverkefnum sem skila sér í námi nemenda. T.d. stærðfræðiverkefni, ART námskeið og fleira slíkt.
- Kennarar nota ólík úrræði fyrir ólíka nemendur.

Það sem við þurfum að bæta:

- Það þarf að hugsa um og vera jafnt fyrir báðar starfsstöðvar skólans, ef eitthvað er keypt eða bætt á aðra starfsstöðina að það sé einnig gert fyrir hina.
- Gera árangurskönnun um námsgögn t.d. ípad, námsvefi, efnafræðikubba, smásjár og fleira. Er það fjármagn sem lagt er í þessi gögn að skila sér.
- Við höfum aðstæður til að nýta útikennslu, námstæki og fleira slíkt en þurfum að skipuleggja það betur. Kortleggja tækifærin.
- Nemendur hafa margvísleg úrræði en við þurfum að efla þá til ábyrgðar til að nýta sér það sem er í boði.
- Aðstaðan til íþróttaiðkunar er óásættanlegt. Aðstaðan er stórhættulegt og skapar slys. Engin aðstaða og aðgengi fyrir fatlaða. Gamali skóli liggur undir skemmdum og myglu. Vöntun á fleiri starfsmannaklósettum. Aðgengið að skólanum og akstur inn á svæði skapar hættu. Þessir þættir eiga við um bæði starfsstöðvar á Hólum og Hofsósi

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

- Öryggi og gott námsumhverfi. Gott samstarf og gagnsæi.

Tillögur um aðgerðir / þróunaráætlun

Í matsvinnunni vann hver matshópur jafnframt tillögur að þróunaráætlunum til að styðja við veika þætti í matinu og stuðla að framþróun. Gjarnan er unnið út frá þeim þáttum sem þarf að bæta í matinu eða forgangsraðað út frá þeim. Hér eru niðurstöður sem komu fram. Skólinn vinnur svo eftir þessum áætlunum. Tiltekið er hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvenær því á að vera lokið, hvað þarf til og að lokum hvernig á að meta árangurinn (sjá eyðublað í fylgiskjölum) en hér í skýrslunni er eingöngu birt hvað þarf að gera og hvað þarf til að mati starfsmanna í sjálfsmatsvinnunni.

Þróunaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat	
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>
Að efla þátttöku nemenda í skipulagningu námsins til að nemendur séu meðvitaðir um hvaða námsleiðir og aðferðir henta þeim best.	Samræða meðal kennara um markmiðasetningu nemenda.
Að kenna nemendum að skipuleggja tíma sinn með því að nota dagatöl og dagbækur.	Innlögn kennara og fræðsla um skipulag og gildi þess að tímasetja markmið sín.
Kennarar mættu miðla meira sín á milli upplýsingum um hvaða forrit og öpp gagnast vel í kennslu, t.d. með því að búa til lista yfir öpp og hvers vegna þau gagnast vel.	Fela einhverjum ábyrgð og yfirumsjón með verkefninu.
Vantar aðstöðu til útikennslu nálægt skólanum á Hofsósi	Hönnun svæðis í <u>samráði við starfsfólk</u>
Styðja betur við þarfir framúrskarandi nemenda	Endurmenntun?
Auka jafningjamat	Endurmenntun?

Gæðagreinir 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>
Það þarf að vera markvissara samstarf milli deilda innan skólans, milli Hóla og Hofsós, yfir í mötuneyti og milli teyma.	Skipa á rýnihóp og búa til fleiri nefndir
Reyna áfram að bæta heildrænt skipulag innan skólasamfélagsins okkar svo að allar upplýsingar berist á viðeigandi staði.	Allir þurfa að vera meðvitaðir um upplýsingaflæði.

Fylgja betur eftir niðurstöðum sjálfsmatsins til dæmis með því að fara oftari yfir þróunaráætlun (eða valda hluta hennar) á fundum eða starfsdögum.	Setja inn á skipulag fundatíma.
Huga að því að virkja foreldra / forráðamenn í sjálfsmatinu. Til dæmis bjóða reglulega fulltrúum foreldra að taka þátt í sjálfsmati (t.d. stjórn foreldrafélags eða fulltrúum foreldra í skólaráði). Eða hafa opin matsdag þar sem foreldrum öllum er boði að vinna valda gæðagreina.	Ræða og skipuleggja í samráði við foreldrafélög eða skólaráð.

Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun	
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>
Skólinn þarf að endurnýja kjörorð/einkunnarorð skólans sem endurspeglar markmið og gildi skólans og vinna með þau reglulega	Setja sem umræðuþátt á haustsamveru 2021
Skólanámskrá þarf að endurskoða reglulega og skerpa á stefnu og markmiðum.	Setja á fundaaætlun 2021 - 2022
Endurskoða stefnu skólans í takt við menntastefnu Skagafjarðar og í samvinnu við nemendur og foreldra.	
Endurskoða skólareglurnar í samvinnu við nemendur og foreldra.	
Vera duglegri að flagga skólanámskrá, stefnu skólans og sýn skólans.	
Skólanámskrá, sjálfsmatsskýrslur og handbók starfsfólk á að vera aðgengileg á kaffistofu.	

Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>
Allar upplýsingar séu á einum stað og allir viti hvar	
Nýliðar fái einn starfsmann sem er ábyrgur fyrir að setja þá inn í starfið og hann getur leitað til	fjármagn?
Skólanámskrá og námsáætlanir séu uppfærðar strax að hausti	
Auðvelda þarf aðgengi að gögnum á sameiginlegu drifum og hafa skýrt hvað er geymt hvar	hver og einn þarf að ganga vel um inni í tölvukerfinu

Gæðagreinir 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>
<p>Aðstaða</p> <ul style="list-style-type: none"> • Það þarf að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar. Það þarf að fara yfir aðstöðuna og bæta öryggi nemenda. • Það þarf að bæta aðgengi fyrir fatlaða. • Þarf að lagfæra og taka stöðu á húsnæði skólans vegna myglu, rakaskemmda, vatnslega og fleira. • Bæta salerni fyrir starfsmenn og nemendur. • Þarf að bæta aðgengið að skólanum og akstur inn á svæði skapar hættu. <ul style="list-style-type: none"> - Þessir þættir eiga við um bæði starfsstöðvar á Hólum og Hofsósi 	
<p>Gera árangurskönnun um námsgögn t.d. ípad, námsvefi, efnafræðikubba, smásjár og fleira. - Er það fjármagn sem lagt er í þessi gögn að skila sér?</p>	
<p>Það þarf að kortleggja tækifærin til útikennslu og nýtingu námsgagna betur.</p>	
<p>Það þarf að efla nemendur til ábyrgðar til að nýta sér námsleiðir sem eru í boði.</p>	
<p>Það þarf að hugsa um og vera jafnt fyrir báðar starfsstöðvar skólans, ef eitthvað er keypt eða bætt á aðra starfsstöðina að það sé einnig gert fyrir hina starfsstöðina.</p>	

Skimun

Árlega er auk mats á gæðagreinum unnin skimun á öllum matsþáttum þar sem hver og einn starfsmaður svarar lykilspurningum úr öllu sjálfsmatinu í heild sinni. Skimun hefur verið sett upp í rafrænni könnun. Tilgangur skimunar er að geta brugðist strax við þar sem matsþættir eru eðlilega ekki teknir til ígrundaðs mats nema á um það bil þriggja ára fresti, ef einhver þáttur kemur mjög illa út í skimun. Þá er möguleiki á að taka þann þátt fram fyrir til mats strax á næsta skólaári eða ef ljóst er hvar skóinn kreppir að gera úrbætur strax. Ásamt þáttum

úr gæðagreinum er í skimun einnig mat á viðburðum svo sem þemaviku og ferðum á vegum skólans svo tækifæri gefist á að kanna hug fólks til gagnsemi og skilvirkni þeirra þátta.

Hér er niðurstaða skimunarinnar sem framkvæmd var í lok skólaárs:

Árleg skimun starfsfólks GaV vor 2020	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Fullnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Meðaleinkunn	% með 4-6 2019
Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengni og árangur nemenda?	0	0	1	5	2	0	8	4,13	88%
Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólastarfinu?	0	0	0	2	5	0	7	4,71	100%
Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	1	0	5	2	0	8	4,00	88%
Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólaþróunar áhrif á árangur nemenda?	0	0	0	5	3	0	8	4,38	100%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks, faglegrar leiðsagnar og styðjandi starfsumhverfis?	0	0	0	4	4	0	8	4,50	100%
Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	0	1	4	3	0	8	4,25	88%
Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs?	0	0	1	2	5	0	8	4,50	88%
Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	0	2	6	0	8	4,75	100%
Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	0	0	5	3	0	8	4,38	100%
Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda?	0	0	0	5	3	0	8	4,38	100%
Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	0	0	6	2	0	8	4,25	100%
Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu?	0	1	2	3	2	0	8	3,75	63%
Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	0	0	6	2	0	8	4,25	100%
Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáraðila?	0	0	1	3	4	0	8	4,38	88%
Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	0	0	4	4	0	8	4,50	100%
Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	0	0	0	4	4	0	8	4,50	100%

Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	0	0	1	4	3	0	8	4,25	88%
Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	1	4	3	0	8	4,25	88%
Hvernig metum við hæfni nemenda skv. aðalnámskrá grunnskóla?	0	0	0	4	4	0	8	4,50	100%
Hvernig geta nemendur beitt sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	0	1	3	4	0	8	4,38	88%
Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?	0	0	0	2	6	0	8	4,75	100%
Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólstarfinu?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	1	4	3	0	8	4,25	88%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd ævintýraferðar 8. - 10. bekkjar?	0	0	0	1	6	1	8	5,00	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd gistiferðar 5. - 7. bekkjar?	0	0	0	1	6	1	8	5,00	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd á gistinótt 1. - 4. bekkjar?	0	0	0	1	6	1	8	5,00	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd dans- og þemaviku að hausti?	0	0	0	2	6	0	8	4,75	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd dans- og nýsköpunarviku að vori?	0	0	0	1	7	0	8	4,88	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	0	0	2	6	0	8	4,75	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vorþema?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda?	0	0	0	1	7	0	8	4,88	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd haustsamveru?	0	0	0	2	4	0	6	4,67	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd haustskemmtunar á Hólum?	0	0	0	2	4	0	6	4,67	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Rakelarhátíðar?	0	0	0	1	6	0	7	4,86	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Skógardags?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Jólavöku?	0	0	0	1	6	0	7	4,86	100%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)?	0	0	0	3	5	0	8	4,63	100%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis á Hólum þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsal nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmið?	0	0	0	1	5	0	6	4,83	100%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti á Hólum?	0	0	0	3	2	1	6	4,67	100%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis á Hofsósi þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsal nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmið?	0	1	1	3	1	0	6	3,67	67%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti á Hofsósi?	0	1	0	5	0	0	6	3,67	83%

Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	0	1	5	2	0	8	4,13	88%
Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	0	0	3	4	0	7	4,57	100%
Hvernig líður þér á vinnustað?	0	0	0	1	7	0	8	4,88	100%

Því miður var svörun í þessari skimun ekki nema rétt um 35% og því ekki hægt að líta á niðurstöur sem marktækar þó þær geti gefið vísbendingar um stöðu mála. Prósentutölurnar aftast í töflunni er hlutfall af svörum með einkunnina 4 eða hærra. Eins og sjá má kemur skimun vel út. Tveir þættir skera sig þó úr. Annars vegar varðandi þátttöku fjölskyldna í skólastarfi, en í ljósi aðstæðna í vetur þar sem skólinn var oftast en ekki lokaður fyrir utanaðkomandi, þar með talið foreldrum, (vegna takmarkana á skólahaldi og samkomum með reglugerðum í viðbrögðum við COVID 19) þá er það mjög eðlilegt að sá þáttur mælist svona lágt. Eins varðandi aðstöðu í mötuneyti á Hofsósi en það hefur einnig þegar komið fram í starfsmannakönnun Skólapúslins hér í þessari skýrslu.

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var árleg nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Auk þess var lögð fyrir starfsmannakönnun en þetta skólaár var engin foreldrakönnun. Nemendakannanir eru lagðar fyrir árlega en foreldra og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár eins og fram kemur í þriggja ára áætlun.

Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Niðurstöður skólapús eru birtar hér í þessari skýrslu en niðurstöður Skólavogarinnar sem innihalda einnig rekstrarupplýsingar eru teknar saman hjá skólaskrifstofu.

Í niðurstöðum með Skólapúlsinum eru eftirfarandi skýringar á matstækinu og birtingu svara:

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniúkvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Forprófun könnunarinnar var gerð á skólaárinu 2008-2009 og tölurnar notaðar til viðmiðunar fram til skólaársins 2014-15. Könnunin var stýtt árið 2015 þar sem nýjar greiningaraðferðir gerðu það mögulegt að fjarlægja spurningar án þess að draga úr réttmæti kvarðanna. Viðmiðin voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemanda skólaársins 2014-15. Viðmið á einum kvarða til

viðbótar (Samsömun við nemendahópinn) var uppfært haustið 2019 og merkir talan 5 á þeim kvarða því dæmigerðan nemanda ársins 2018-2019. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð.

Nemendakönnun

Á vef Skólapulans má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins. Hér fyrir neðan eru svo töflur með yfirliti á niðurstöðum eftir flokkum.

Í töflunum er dálkurinn „niðurstaða“ með mælitölu sem fyrr getur og N þar fyrir aftan er fjöldi svara sem mælitalan er byggð á. „Breyting“ er munur á svörum núna og svörum í fyrra. „Landið“ er landsmeðaltal og N í dálkinum þar á eftir er fjöldi svarenda þar á bak við. Í aftasta dálkinum er svo mismunur á niðurstöðum skólans núna og landsmeðaltali.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,6	40	-0,1	4,5	17.501	1,1*
1.2. Þrautseigja í námi	5,0	40	0,2	4,6	17.611	0,4
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,6	39	-0,4	4,8	17.865	0,8*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,3	38	-0,0	4,7	17.839	0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	38	-0,1	4,5	17.587	0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	38	-0,2	4,5	17.806	0,2

Í niðurstöðum síðasta skólaárs var þátturinn þrautseigja í námi eini þátturinn sem var fyrir neðan landsmeðaltal svo það er mjög ánægjulegt að sjá þann þátt taka góðan kipp upp á við og mælist nú 0,4 yfir landsmeðaltalinu. Þó svo allir aðrir þættir hafi lítilla dalað þá eru hér allir þættir hærri en landið og fjórir af sex þáttum marktækt yfir landsmeðaltali. Rétt er að taka fram að landsmeðaltalið hefur lækkað í öllum þessum flokkum milli ára svo það má segja að við höfum hér ná að lágmarka þá niðursveiflu hjá okkur.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,5	38	-0,9	4,2	17.536	0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	38	-0,3	4,3	17.494	0,2
2.3. Velliðan	4,6	38	-0,4	4,4	17.714	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	9	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	38	0,2	5,6	17.685	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	7,9%	3/38	-0,9%	13,6%	2468/17631	-5,7%
2.7. Staðir eineltis	-	3	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	34,2%	13/38	-26,4%	43,7%	7567/17263	-9,5%
2.9. Hollt mataræði	4,0	38	-0,4	4,6	17.412	-0,6*

Sjálfsálit nemenda fer hér áberandi niður á milli ára. Þess ber þó að gæta að niðurstaðan er samt sem áður yfir landsmeðaltali. Engu að síður er það áhyggjuefni en til viðmiðunar var mælitalan 5,3 á síðasta skólaári. Á næsta skólaári þarf að huga að því að vinna með sjálfsálit nemenda.

Athygli vekur líka að hreyfing fer aftur niður í sama horf og var, áður en átak var gert á skólaárinu 2019 - 2020 en þá fór þessi þáttur upp um heil 23,6% . Hér fer niðurstaðan nokkurn veginn aftur í sama horf og var viðtekið áður. Við mælingu þessa þáttar er hreyfing í skipulögðum íþróttatímum (valgreinar meðtaldar) ekki talin með svo hér er ekki um algjört hreyfingarleysi að ræða en engu að síður áhyggjuefni hvað lítil markviss hreyfing mælist utan íþróttatíma og að loknum skólatíma.

Hollt matraræði er líka þáttur sem mælist mjög lágt hér í þessari könnun en þennan matsþátt mynda spurningar um hversu oft á síðustu 7 dögum nemendur neyttu ávaxta, grænmetis og tóku vítamín. Tvær spurningar eru í viðbót sem ekki lengur telja í niðurstöðunni en það er spurningin um óhollustu, svo sem skyndibita og gosdrykki. Úkoma skólans í þeim tveimur spurningum er mun jákvæðari en áður fyrr þegar þær spurningar töldu voru nemendur skólans marktækt yfir landsmeðaltali í hollustu. Undanfarin ár þegar aðeins þessir þrjú fyrirgreindu þætti eru taldir þá dalar skólinn jafnt og þétt eins og sést. Síðustu tvö skólaár hefur í tengslum við verkefnið heilsuefandi skóli verið unnið gegn þessu m.a. með því að bjóða þrisvar í viku upp á ávexti í lok skóladags. Svo virðist sem það séu í meirihluta yngri nemendur sem þiggja

Það úrræði en síður eldri nemendur sem svara þessari könnun. Það er hér áskorun fyrir skólann að vinna áfram að þessu markmiði að hvetja nemendur til hollustu og jafnframt að skora á heimilin að huga að þessum þætti.

3. Skóla og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	38	-0,1	4,8	17.392	0,3
3.2. Samband nemenda við kennara	5,6	38	0,6	4,9	17.611	0,7*
3.3. Agi í tímum	5,0	38	-0,4	4,9	17.580	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	6,4	38	1,1	5,0	17.537	1,4*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,9	38	0,3	5,0	17.548	0,9*

Í þessu flokki eru allir þættir yfir landsmeðaltali en agi í tímum, að mati nemenda, hefur þó aðeins sigið niður á við miðað við könnun síðasta árs en mælist þó yfir landsmeðaltali. Agi í tímum á að meta þann vinnufrið sem nemendur upplifa að þeir hafi í tímum. Það er ánægjulegt að samband nemenda við kennara og virk þátttaka nemenda í tímum fer upp á við ásamt tíðni leiðsagnarmats en þeir þrjú þættir eru marktækt yfir landsmeðaltali í þessari könnun.

Starfsmannakönnun

Annað hvert ár er starfsmannakönnun skólapúlsins lögð fyrir í Grunnskólanum austan Vatna og þannig til skiptis lögð fyrir foreldrakönnun og starfsmannakönnun en nemendakannanir eru á hverju ári. Í kynningu skólapúlsins á starfsmannakönnunum stendur:

Niðurstöður könnunarinnar eru settar fram með sama hætti og nemendakönnunun það er Staðalnúmer með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2 en í einstaka þáttum prósentur. Niðurstaða skólans er í fremsta dálknum og breyting frá fyrri könnunm. Í aftari dálkunum er svo til samanburðar meðalniðurstöður á landsvísu og mismunur miðað við það.

1. Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,6	22	-	4,5	1.548	0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,9	22	-	4,9	1.547	0,0
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,5	22	-	4,8	1.548	-0,3
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,1	22	-	5,1	1.549	0,0

Í þessum hluta eru engin marktæk frávik miðað við landið.

2. Starfsmenn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,5	22	-	5,1	1.544	-0,6*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,3	22	-	5,2	1.543	0,1
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,6	22	-	4,8	1.543	-0,2

Hér stendur upp úr að starfsmenn meta sína leikni í starfi heldur minni en almennt gerist á landsvísu þó munurinn teljist ekki mikill þá er full ástæða til að fylgja þessari vísbendingu eftir með hliðsjón af endurmenntunaráætlun skólans.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,2	22	-	5,4	1.539	0,8*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	3,3	22	-	5,0	1.502	-1,7*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,4	22	-	5,3	1.532	0,1
3.4. Stuðningur við nýsköpun	6,2	22	-	5,2	1.529	1,0*
3.5. Mismunur	3,9	22	-	4,8	1.529	-0,9*
3.6. Einelti (þú)	4,5%	1/22	-	3,8%	58/1523	0,7%
3.7. Einelti (annar en þú)	4,5%	1/22	-	9,5%	144/1509	-5,0%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/22	-	3,8%	57/1509	-3,8%

Hér er mjög ánægjulegt að sjá að starfsandi er metinn mjög sterkur og að liður 3.5, mismunur, er einnig lægri en almennt er metið á landsvísi en í báðum tilfellum er marktækur munur samkvæmt skilgreiningum matstækisins. Að sama skapi er ánægjulegt að stuðningur við nýsköpun mælist sterkur enda lagt upp úr því í stefnu skólans að vinna með þann þátt í skólastarfinu. Ánægja með vinnuaðstöðu er mjög áberandi marktækt fyrir neðan landsmeðaltalið og þarf að taka til greina. Í textasvörum er bent á verkgreinastofur, íþróttaaðstöðu, aðstöðu fyrir mötuneytið á Hofsósi og undirbúningsaðstöðu kennara á Hofsósi. Það er ljóst að hér verður eitthvað að bæta en sumt er á verkáætlun næstu ár svo sem aðstaða til íþróttaiðkunar, álma skólans á Hofsósi sem hýsir verkgreinakennslu en aðstaða mötuneytisins er í öðru húsi þar sem skólinn leigir aðstöðu svo skólinn hefur ekki beinan þátt í endurbótum þar en þó er horft er til þess að þegar íþróttakennsla fer í nýtt hús þá verði hægt að haga skipulagi öðruvísi sem myndi bæta starfsaðstöðu þar að einhverju leyti.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,5	21	-	5,3	1.502	0,2
4.2. Sanngjörn forysta	5,3	21	-	5,3	1.497	0,0
4.3. Valdeflandi forysta	5,2	21	-	5,1	1.481	0,1
4.4. Ræktun mannaúðs	5,2	21	-	5,3	1.514	-0,1

Eins og í fyrsta hluta könnunarinnar eru hér allir þættir á pari við landsmeðaltal og lítið um það að segja annað en að það er ánægjuleg staða.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,9	11	0,8	5,0	880	0,9*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	11	1,6	5,0	868	0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,4	10	-0,3	5,0	786	-0,6
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	45,0 mín	10	0,0 mín	41,3 mín	744	3,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	81,8%	9/11	21,8%	69,4%	620/893	12,4%
5.6. Einstaklingsmiðuð kennsla	63,6%	7/11	13,6%	55,6%	469/843	8,0%
5.7. Áhersla kennara á námsmat með prófum	36,4%	4/11	6,4%	13,8%	112/809	22,6%*
5.8. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	54,5%	6/11	-15,5%	78,1%	679/869	-23,6%*

Ánægja með kennarastarfið er hér marktæt yfir landsmeðaltalinu sem er jákvætt og ekki sýst í ljósi þróunarstarfs skólans í átt að meiri samvinnu og teymisvinnu þá voru einmitt væntingar um að starfsánægja myndi aukast með auknu samtali og samstarfi. Síðustu ár hefur verið lögð mikil áhersla á leiðsagnarmat í námi og hafa formlegar prófavikur verið aflagðar. Líðir 5.7 og 5.8 eru því ekki í takt við væntingar og því mikilvægt að rýna vel í þessar niðurstöður með kennurum skólans.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,8	11	0,7	5,5	776	1,3*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	7,1	11	0,4	5,4	766	1,7*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,1	11	-0,6	5,0	857	0,1
6.4. Samvinna um kennslu	6,8	10	1,2	5,5	762	1,3*

Niðurstöður hér hljóta að teljast ánægjulegar þar sem kennarar telja sig almennt fá góðan stuðning vegna nemenda með náms- og/eða hegðunarörðugleika og eru þessir þættir marktækt yfir landsmeðaltali. Þá skorar samvinna um kennslu einnig marktækt yfir landsmeðaltali sem segir okkur að verkefnaþað nám og teymiskennsla eru að skila árangri á þessu sviði.

Mat nemenda á skólastarfi

Ekki gafst tóm á þessu skólaári að vinna nemendamát með þeim hætti sem áætlað er á þriggja ára áætlun með aðlöguðum gæðagreinum en engu að síður höfum við niðurstöður Skólapúslins á afstöðu nemenda til þeirra þátta sem þar koma fram. Í síðustu sjálfsmatsskýrslu voru birtar niðurstöður könnunar meðal nemenda á unglíngastigi eftir hólfaskiptingar í Covid lokun en þar kom m.a. fram ósk frá nemendum um að bjóða upp á skiptar frímínútur eftir aldurshópum. Það var reynt núna í vetur og voru tvær frímínútur af fjórum yfir daginn aldursskiptar og mæltist það vel fyrir. Það fyrirkomulag verður áfram haft að leiðarljósi við gerð stundataflna fyrir næsta skólaár.

Viðauki

Yfirlit yfir viðauka:

Viðauki I - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar? - gæðaviðmið

Viðauki II - Matsblað: 2.3 Nám, kennsla og námsmat - gagnlegar spurningar

Viðauki II - Matsblað: 2.3 Nám, kennsla og námsmat - gæðaviðmið

Viðauki III - Matsblað: 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat - gagnlegar spurningar

Viðauki III - Matsblað: 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat - gæðaviðmið

Viðauki IV - Matsblað: 1.3 Breytingastjórnun - gagnlegar spurningar

Viðauki IV - Matsblað: 1.3 Breytingastjórnun - gæðaviðmið

Viðauki V - Matsblað: 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun - gagnlegar spurningar

Viðauki V - Matsblað: 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun - gæðaviðmið

Viðauki VI - Matsblað: 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni - gagnlegar spurningar

Viðauki VI - Matsblað: 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni - gæðaviðmið

Viðauki VII - Form fyrir þróunaráætlun

Viðauki I - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?**Sex stiga skalinn**

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi 6	Einkunnin framúrskarandi merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
Mjög gott 5	Einkunnin mjög gott merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
Gott 4	Einkunnin gott merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
Fullnægjandi 3	Einkunnin fullnægjandi merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að veiga þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.

<p>Slakt</p> <p>2</p>	<p>Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.</p>
<p>Ófullnægjandi</p> <p>1</p>	<p>Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.</p>

Viðauki II - Matsblað: 2.3 Nám, kennsla og námsmat – gæðaviðmið**gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Námsumhverfið er byggt á jákvæðum, uppbyggjandi og krefjandi samskiptum sem skapa grunn fyrir góðan námsárangur.						
B	Árangur nemenda í og utan skóla er skráður og viðurkenndur. Nemendur skilja hvernig þessi árangur hjálpar þeim að efla þekkingu sína og færni.						
C	Nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og nærsamfélaginu og taka reglulega að sér forystuhlutverk, þ.á m. að vera leiðandi í námi.						
D	Nemendur fá virka endurgjöf og öðlast góðan skilning á framvindu náms og því sem þeir þurfa til að bæta árangur sinn í námi.						
E	Nemendur hafa getu til að veita árangursríkt jafningjamat og leggja til leiðir til umbóta.						
F	Starfsfólk hefur aðgang að og notar niðurstöður úr menntarannsóknnum til að bæta nám og kennslu.						
G	Áætlanagerð er hluti af starfinu og í henni kemur fram hver námsmarkmiðin eru og hvernig þau eru metin.						
H	Námsmatsaðferðir eru samræmdar námsþörfum nemenda og niðurstöður úr námsmati sýna á skýran hátt námsstöðu hvers nemanda.						
I	Stuðst er við viðurkennd viðmið í námsmati þegar ákvarðanir eru teknar um næstu skref.						
J	Aðferðir við mat og skýrslugerð eru áhrifaríkar og gefa upplýsingar um framfarir í námi og kennslu.						
K	Góður skilningur ríkir um gagnasöfnun og eftirfylgni til að tryggja betri árangur allra nemenda.						
L	Allir kennarar hafa þróað með sér færni í greiningu gagna sem miða að umbótum.						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

M							
N							
O							

Matssamantekt:**Sterku hliðarnar okkar:****Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:**Athugasemdir um gæðagreini:**

Viðauki III - Matsblað: 2.3 - gagnlegar spurningar**gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu vel er nemendum gert kleift að velja og nýta góðar aðferðir og bjargir, þ.m.t. stafræna tækni?						
B	Hversu vel notum við nærsamfélagið og útisvæði til útikennslu?						
C	Hversu vel hvetjum við og virkjum alla nemendur til þátttöku í skólastarfinu?						
D	Hversu vel virkjum við nemendur til sjálfstæðis á grundvelli grunnþátta menntunar?						
E	Hversu fullviss erum við um að námsreynsla allra nemenda sé fjölbreytt, einstaklingsmiðuð, virk, styðjandi og full af áskorunum?						
F	Hversu góðar samræður eigum við um tilgang náms við nemendur og gefum þeim góðar leiðbeiningar?						
G	Hversu vel bæta spurnaraðferðir okkar við námsreynslu nemenda og auðvelda þeim að ígrunda nám sitt?						
H	Hversu vel innleiðum við fjölbreytta nýsköpun og skapandi náms- og kennsluaðferðir, þ.á.m. stafræna tækni?						
I	Hversu vel hagnýtum við áætlanagerð, athuganir, mat, skráningu og skýrslugerð í námi og kennslu?						
J	Hversu vel notum við ýmis gild, áreiðanleg og viðeigandi matstæki og aðferðir til umbóta í námi nemenda?						
K	Hversu vel skráum við, greinum og notum upplýsingar úr mati til að greina þarfir einstakra nemenda og nemendahópa?						
L	Á hversu áhrifaríkan hátt náum við að virkja nemendur og forráðamenn til að skipuleggja og meta nám?						
M	Hversu vel gerum við öllum börnum og ungmönnum kleift að taka þátt í jafningjamati með umbætur í huga? Hvernig getum við vitað að slíkt mat auki námsárangur?						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

N							
O							
P							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki IV - Matsblað: 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat - gæðaviðmið**gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Sjálfsmat er óaðskiljanlegur hluti af starfi okkar og skólasamfélagsins alls.						
B	Allt starfsfólk, nemendur, forráðamenn og samstarfsaðilar eru virkir þátttakendur í að bæta starfshætti skólans.						
C	Allt skólasamfélagið hefur sameiginlegan skilning á styrkleikum skólans og mikilvægi umbóta.						
D	Á skólaárinu er lögð áhersla á að fylgjast með og meta nám, kennslu, árangur nemenda og fylgja umbótum eftir.						
E	Starfsfólk vinnur saman sem ein heild. Skólabragurinn einkennist af samheldni þar sem upplýsingum er deilt, félagastuðningur veittur og áskorunum mætt sameiginlega.						
F	Hagsmunaðilar spila stórt hlutverk í umbótum á skólastarfi. Hér er að ræða nemendur, forráðamenn og samstarfsaðila.						
G	Skráning gagna er nákvæm, metin reglulega og hefur skýran tilgang.						
H	Símenntunaráætlun starfsfólks er byggð á niðurstöðum sjálfsmats og umbótaáætlana.						
I	Allt starfsfólk skilur mikilvægi víðsýnna sjónarmiða í mats- og umbótaferlinu.						
J	Starfsfólk nýtir sér nýjustu upplýsingar um þróun náms og kennslu til framfara í skólastarfi.						
K	Kennarar nota mismunandi matsaðferðir til þess að mæla framfarir nemenda á grunni námskráa. Þeir vinna á áhrifaríkan hátt með samstarfsaðilum í þeim tilgangi að samræma viðmið.						
L	Rannsóknir sýna að nemendur hafa sjálfstraust til að meta eigið nám og starf í skólanum.						
M	Forráðamenn hafa regluleg tækifæri til þátttöku í umbótavinnu á formlegan og óformlegan hátt.						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

N							
O							
P							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki V - Matsblað: 1.1 - gagnlegar spurningar**gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu vel áttar starfsfólk sig á og tekur ábyrgð á umbótum byggðum á innra mati?						
B	Hversu vel þekkir og skilur starfsfólk sjálfsmatsaðferðina <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>						
C	Hversu mikið notum við stafrænar leiðir til stuðnings við yfirferð gagna?						
D	Hvernig tryggjum við að umbætur nemenda séu þungamiðja sjálfsmatsins?						
E	Hefur starfsfólk nægar væntingar til allra nemenda?						
F	Hefur starfsfólk og forráðamenn skilning á aðstæðum í nærsamfélaginu á hverjum tíma sem haft geta áhrif á líf og nám barna?						
G	Hversu vel tekst okkur að draga úr hindrunum til að tryggja árangur?						
H	Hversu vel höfum við skilgreint skólastarfið okkar, styrkleika og sóknarfæri til umbóta með innra mati?						
I	Hversu vel virkjum við hagsmunaaðila (nemendur, starfsfólk, forráðamenn, fjölskyldur og samstarfsaðila) til þátttöku í umbótamiðuðu sjálfsmati?						
J	Hversu vel sköpum við tækifæri fyrir starfsfólk til þess að taka þátt í og stýra ákveðnum verkefnum um umbætur í skólastarfinu?						
K	Hversu mikið hvetjum við starfsfólk til ígrundunar og þess að læra hvert af öðru?						
L	Á hversu árangursríkan hátt tryggjum við að sjónum sé beint inn á við, út á við og fram á við í umbótamiðuðu sjálfsmati?						
M	Hvernig vitum við að þær breytingar sem gerðar hafa verið beri árangur fyrir nemendur?						
N	Hversu vel eru vísbendingar úr sjálfsmati nýttar til þess að knýja á um breytingar og umbætur?						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

O							
P							
Q							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki VI - Matsblað: 1.3 Breytingastjórnun - gæðaviðmið**gg. 1.3 Breytingastjórnun**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda.						
B	Nemendur, forráðamenn, samstarfsaðilar og starfsfólk eru saman þátttakendur í mótun og endurgjöf á stefnuna, markmið og gildi skólans.						
C	Starfsfólk hefur skýran skilning á félagslegu, efnahagslegu og menningarlegu samhengi skólasamfélagsins við núverandi menntastefnu. Þekkingin er notuð til að móta framtíðarsýn skólans.						
D	Sýn skólans er metnaðarfull og beinir sjónum að umbótum fyrir alla.						
E	Nemendur eru upplýstir um stefnu, markmið og gildi skólans, byggða á lykilþáttum námskrár.						
F	Leiðtogar í skólastarfi virkja og hvetja starfsfólk til að halda á lofti sameiginlegri stefnu og framtíðarsýn.						
G	Allir kennarar ígrunda reglulega sameiginleg gildi sem birtast í aðalnámskrá grunnskóla.						
H	Allt starfsfólk er skuldbundið til að vinna að breytingum sem stuðla að umbótum fyrir nemendur.						
I	Allt starfsfólk gerir sér grein fyrir styrkleikum skólans, hvar sóknarfærin liggja og mótar skýrar áætlanir um umbætur til framtíðar.						
J	Leiðtogar í skólastarfi leiða og eru ráðgefandi um stefnumótun og breytingar með því markmiði að ná jákvæðum og sjálfbærum árangri fyrir nemendur.						
K	Allt starfsfólk tekur virkan þátt í breytingum og metur áhrif umbóta. Skipulögð símenntun styður við breytingar.						
L	Leiðtogar í skólastarfi skapa svigrúm til og styðja við sköpun, nýbreytni og rannsóknir.						
M	Nemendur og starfsfólk fá reglulega tækifæri til að taka þátt í viðfangsefnum sem snerta nýbreytni og skapandi hugsun.						

N	Rannsóknir á skólastarfi benda á leiðir til stöðugra umbóta.						
O	Sérfræðingar hafa reglubundin tækifæri til ígrundunar og símenntunar til að efla faglegt starf.						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

P							
Q							
R							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

		1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:							

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki VII - Matsblað: 1.3 - gagnlegar spurningar**gg. 1.3 Breytingastjórnun**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Að hvaða marki hefur skólasamfélag okkar tekið þátt í mótun framtíðarsýnar skólans?						
B	Hvaða gögn og upplýsingar nýtum við til að öðlast skilning á félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum þáttum nærsamfélagsins?						
C	Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar við að virkja allt skólasamfélagið til ígrundunar um framtíðarsýn okkar, markmið og gildi?						
D	Hvaða aðferðum beitum við til að gæta þess að sýn okkar, gildi og markmið, birtist í daglegu skólastarfi? Hversu árangursríkar eru þær?						
E	Hversu vel byggjum við á framtíðarsýn okkar, markmiðum og gildum þegar við tökum ákvarðanir um umbætur og forgangsriðum þeim?						
F	Hversu vel gengur okkur að rækta sköpunargáfu og nýbreytni í skólastarfi?						
G	Hafa allir í skólanum skýran og sameiginlegan skilning á styrkleikum okkar og sóknarfærum til umbóta? Byggja ákvarðanir, sem teknar eru um næstu skref, á fjölbreyttum upplýsingum og vísbendingum úr innra mati?						
H	Hvaða aðferðir notum við til að fylgja eftir stefnumótun og breytingum? eru þær nægjanlega skipulagðar til að tryggja nægan tíma til umbóta?						
I	Hversu vel sköpum við skilyrði til að læra með og af hvert öðru (s.s. í gegnum félagastuðning/handleiðslu)? Nýtum við öll möguleg tækifæri til félagastuðnings, jafningjafræðslu og náms?						
J	Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar til að meta og fylgjast með gagnsemi símenntunar okkar?						
K	Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar við skipulagningu stöðugra umbóta? Hvernig tryggjum við stöðugar umbætur sem hafa áhrif á árangur nemenda?						

L	Að hve miklu leyti hafa verkfæri okkar til breytinga jákvæð áhrif á starfsfólk og árangur nemenda?							
---	--	--	--	--	--	--	--	--

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

M							
N							
O							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

		1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:							

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki VIII - Matsblað: 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun - gæðaviðmið**gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Gæðaraminn gefur fyrirmæli um hlutverk og ábyrgð allra starfsmanna og fræðslufirvalda sveitarfélagsins.						
B	Sýn og gildi skólans eru byggð á viðhorfi allra hagsmunaaðila skólans og einstaklinga innan hans.						
C	Aðgengi að leiðtogum í skólastarfi er gott.						
D	Starfsfólk notar ýmsar leiðir til samskipta, m.a. stafræna tækni og nýtir tækifæri til samræðna og faglegra samskipta.						
E	Skólinn skoðar reglulega viðbrögð sín við þeim kvörtunum sem berast.						
F	Verklag við ráðningar birtist á skýran hátt í stefnu skólans.						
G	Jafnréttislög eru virt í ráðningarferlinu.						
H	Skólasamfélagið vinnur gegn fordómum svo öllu starfsfólki líði vel.						
I	Kennaranemar og nýútskrifaðir kennarar fá góðan stuðning til að efla sjálfstraust sitt í starfi og þróa kennsluhæfileika sína.						
J	Í skólastefnu sveitarfélagsins og starfslýsingum er kveðið á um skuldbindingu starfsfólks og viðveru á skýran hátt.						
K	Allt starfsfólk ber virðingu fyrir starfi sínu.						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

L							
M							
N							

Matssamantekt:**Sterku hliðarnar okkar:****Það sem við þurfum að bæta:****Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Nöfn þátttakenda í mati:**Athugasemdir um gæðagreini:**

Viðauki IX - Matsblað: 1.4 - gagnlegar spurningar**gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Að hvaða marki nýtast aðferðir okkar við að skapa góðan skólabrag?						
B	Hversu vel stuðla hópar og einstaklingar innan skólasamfélagsins að námsárangri nemenda?						
C	Leitum við eftir endurgjöf um samskipti okkar og tökum mið af viðhorfum starfsfólks?						
D	Hversu vel getum við sýnt fram á að við lærum af umkvörtunum?						
E	Hversu faglegt er ráðningaferlið svo hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn til starfsins?						
F	Hversu vel náum við að virkja forráðamenn nemenda til þátttöku á fundum?						
G	Að hvaða marki nýtast aðferðir okkar við að styðja og uppfæða nýliða í starfi?						
H	Hversu oft minnum við starfsfólk á væntingar um góða framkomu?						
I	Hversu vel er stutt við réttindi starfsfólks og ábyrgð?						
J	Hversu vel gagnast skólanámskrá og starfsáætlun skólans nýju starfsfólki?						
K	Finnst starfsfólki, sem ráðið er tímabundið, það fá nægan stuðning í starfi?						
L	Er heilsu-, öryggis- og áhættumat okkar viðeigandi og því fylgt eftir reglubundið?						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

M							
N							
O							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki X - Matsblað: 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni - gæðaviðmið**gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Virkar aðferðir við fjármálastjórn tryggja aðgang að fjármagni sem notað er á hagkvæman hátt samkvæmt skammtíma og langtíma forgangsöröðun.						
B	Leiðtogar í skólastarfi tryggja gagnsæi og sanngirni við nýtingu fjármagns fyrir alla.						
C	Ákvarðanir um útgjöld eru teknar í samræmi við markmið skólans og sýn eftir þeirri forgangsöröð sem ákveðin hefur verið.						
D	Leiðtogar í skólastarfi koma sér upp árangursríku kerfi eða verklagi til þess að hægt sé á einfaldan hátt að fylgjast með og forgangsraða í fjárhagsáætluninni.						
E	Verklag um stuðning fjármálasérfræðinga er til staðar og notað á árangursríkan hátt.						
F	Skýr og mælanleg áhrif fjárhagslegra útgjalda á aukinn árangur allra nemenda eru til staðar.						
G	Starfsfólk hefur sameiginlegan skilning á aðstæðum nemenda sem búa við skort og notar árangursríkar aðferðir til að tryggja sanngirni.						
H	Skólinn getur sýnt fram á að ákvarðanir um útgjöld hafa leitt til aukins árangurs.						
I	Vandlega er fylgst með áhrifum nýrra aðferða og þær metnar til að tryggja jákvæð áhrif á nám.						
J	Þegar verið er að skipuleggja úrræði í framtíðinni þá er þess vandlega gætt að tryggja bestu niðurstöðu og sjálfbærni umbóta.						
K	Öll tiltæk úrræði, þ.á m. upplýsingatækni og útikennslusvæði, eru notuð á áhrifaríkan hátt til að skapa og viðhalda áhugahvetjandi námsumhverfi.						
L	Kennarar nota mörg úrræði á árangursríkan hátt, þ.á m. upplýsingatækni, til að skapa viðeigandi stuðning og áskoranir fyrir nemendur.						

M	Úrræði skólans eru virk og þau skipulögð til að tryggja árangur og skilvirkni.						
N	Nemendur velja um margvísleg úrræði og nota þau á ábyrgan og sveigjanlegan hátt til að mæta þörfum sínum.						
O	Aðstaða skólans er örugg fyrir alla.						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

P							
Q							
R							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

		1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:							

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki XI - Matsblað: 1.5 - gagnlegar spurningar**gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu árangursríkar og skilvirkar eru aðferðir okkar við fjármálastjórnun?						
B	Hvaða aðferð notum við til að tryggja gagnsæi og sanngirni við notkun fjármálaúrræða okkar?						
C	Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar við að stjórna sameiginlegri, sanngjarnri fjárhagsáætlun?						
D	Hve skilvirk eru úrræðin sem við notum til að viðhalda umbótum sem við setjum í forgang?						
E	Að hvaða leyti stuðla aðferðir okkar við beitingu úrræða að betri árangri fyrir alla nemendur?						
F	Að hvaða leyti er horft til þess að bæta gæði náms og kennslu með fjárhagslegum útgjöldum?						
G	Hversu vel er húsnæði skólans og umhverfi hans notað til að skapa lærdómsumhverfi og styðja velferð nemenda, starfsfólks og nærumhverfis?						
H	Á hve skilvirkan hátt fylgjumst við með notkun og áhrifum tiltækra úrræða á nám og kennslu?						
I	Hversu vel vinnum við með nemendum, forráðamönnum og samstarfsaðilum við að ná sameiginlegri niðurstöðu?						
J	Á hve skilvirkan hátt notum við úrræði okkar til að mæta námsþörfum allra og tryggja sanngirni?						
K	Á hve skilvirkan hátt nota nemendur margvíslegar leiðir, þ.á m. útikennslusvæði og úrræði í nærsamfélaginu, til stuðnings námi sínu?						
L	Hversu skilvirkar eru leiðir okkar í heilsu- og öryggismálum og eru þær framkvæmanlegar?						
M	Hversu öflug er endurskoðun okkar til að tryggja skilvirkt skipulag og stjórnun úrræða?						

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, sé að:

N							
O							
P							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini:

Viðauki XIII - Form fyrir þróunaráætlun

Gæðagreinir nr.

Þróunaráætlun 2020 - 2021

Markmið:	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón
-----------------	---	-------------------

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hventær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?